

Flóahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Þingborg
801 Selfoss

Garðabær, 2. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0034
IAS

Efni: Hjálmholt, skipulagslýsing

Vísað er í erindi frá Flóahreppi, dagsettu 12. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 - Hjálmholt.

Sett er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Um er að ræða 173 ha lands sem ráðgert er að stofna úr jörðinni Hjálmholt (L16635). Er það ósk landeigenda að aðalskipulagi svæðisins verði breytt, þannig að lega frístundabyggðarinnar (F22) muni liggja meðfram Hvítá til vesturs, en stærð svæðisins er óbreytt. Á um 20 ha svæði austan við efnisnámuna E6 verði gert ráð fyrir verslun og þjónustu. Þá verður legu efnisnámunnar E6 breytt þannig að hún samræmist eignarhaldi á landinu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis, Suðurlandsundirlendi, sem nær frá Markarfljóti vestur að Hellsheiði.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er mosamóavist á nánast öllu skipulagssvæðinu. Verndargildi mosamóavistar er lágt og fuglalíf fremur rýrt, algengustu varpfuglar eru spói, heiðlóa, lóupræll, þúfutittlingur og hrossagaukur.

Skipulagssvæðið er á nútímahrauni, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013. Um er að ræða Þjórsárhraun sem er metið einstakt á landsvísi, jafnvel á heimsvísi sem eitt mesta hraun jarðar runnið eftir ísöld. Hraunið hefur hátt vísindagildi. Víða er hraunið þakið jarðvegi og gróðri eða yngri hraunum og þess vegna eru ekki margir staðir á Suðurlandi þar sem yfirborð Þjórsárhraunsins er eins greinilegt og það er undir sunnan- og austanverðu Hestfjalli. Vegna sérstöðu Þjórsárhrauns telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að varðveita yfirborð hraunsins eins og kostur er á þeim svæðum þar sem það er óraskað.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

